

Íslandssjóðir hf. – Ársuppgjör 2015

Stjórn Íslandssjóða hf. sem rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Afkoma Íslandssjóða hf. árið 2015

- Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Íslandssjóða hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2015 nam 532 m.kr. samanborið við 228 m.kr. árið 2014.
- Hreinar rekstrartekjur námu 1.587 m.kr. samanborið við 1.408 m.kr. árið áður.
- Rekstrargjöld námu 922 m.kr. samanborið við 1.123 m.kr. árið áður.
- Heildareignir félagsins námu 2.994 m.kr. í árslok 2015 en voru 2.600 m.kr. í ársbyrjun.
- Eigið fé í árslok 2015 nam 2.395 m.kr. en var 2.035 m.kr. í ársbyrjun.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 69,2% í árslok 2015 en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok desember 2015 voru 25 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 126.628 milljónum króna. Hagnaður færður á hlutdeildarskírteini eigenda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða var 11.713 m.kr. árið 2015 samanborið við hagnað uppá 3.320 m.kr. árið 2014.
- Fjárfestingarsjóðurinn IS Einkasöfn var stofnaður í upphafi árs 2015 en sjóðurinn starfar í fimm sjóðsdeildum (A-E). Sjóðsdeildirnar eru blandaðar og fjárfesta bæði í öðrum sjóðum og stökum verðbréfum. Í desember voru stofnaðir tveir fjárfestingarsjóðir til viðbótar; IS Sértryggður sjóður og IS Sértryggður VTR sjóður.
- Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af Ernst & Young ehf. sem telur að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2015.
- Í lok desember 2015 störfuðu 11 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	2015	2014
Hreinar rekstrartekjur	1.587	1.408
Rekstrargjöld	922	1.123
Hagnaður fyrir skatta	665	285
Hagnaður eftir skatta	532	228
Eigið fé 31.12.	2.395	2.035

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða árið 2015

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2015 nam 6.006 m.kr., samanborið við 2.329 m.kr. árið 2014.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða í árslok 2015 nam 83.528 m.kr. samanborið við 88.190 m.kr. árið 2014.

Lykiltölur í m.kr.

	IS Veltusafn	Ríkissafn	IS Meðallöng ríkissskuldabréf - Sjóður 5	IS Löng ríkissskuldabréf - Sjóður 7
Hagnaður (tap) ársins	173	663	1.648	2.775
Hrein eign í árslok	2.769	15.519	24.526	36.395

	IS Úrvalsvísitölu- sjóðurinn	IS Heimssafn	IS Eignasafn	IS Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) ársins	190	8	145	46
Hrein eign í árslok	715	969	1.116	612

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) ársins	132	204	7	14	6.006
Hrein eign í árslok	348	539	7	13	83.528

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða árið 2015

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2015 nam 5.707 m.kr. samanborið við 991 m.kr. árið 2014.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða í árslok 2015 nam 43.100 m.kr. samanborið við 25.940 m.kr. árið 2014.

Lykiltölur í m.kr.

	IS Lausafjarsafn	Skuldabréfasafn	IS Óverðtryggður sjóður	IS Sértryggður sjóður	IS Sértryggður VTR sjóður
Hagnaður (tap) ársins	605	270	185	2	1
Hrein eign í árslok	13.534	4.208	2.760	439	785

	Fókus - vextir	IS Hlutabréfa- sjóðurinn	IS Einkasafn A	IS Einkasafn B	IS Einkasafn C
Hagnaður (tap) ársins	226	4.179	3	16	156
Hrein eign í árslok	3.855	13.166	174	629	2.476

	IS Einkasafn D	IS Einkasafn E	Fyrirtækja- sjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) ársins	37	23	4	5.707
Hrein eign í árslok	779	288	5	43.100

Ársreikningur félagsins er aðgengilegur á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is og mun jafnframt liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi 2 og hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, frá og með 7. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar um ársreikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440 4593.